

Alþingi
Samgöngunefnd

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010

Vegaáætlun

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir hönd Fjórðungssambandsins fagnar því að á áætlunartímabilinu verður hafist handa við verkefni og lokið við önnur verkefni sem áhersla hefur verið lögð á í samgönguáætlun Fjórðungssambandsins.

Stefna vestfirskra sveitarstjórna kemur fram í stefnumótun í samgöngumálum sem samþykkt var á Fjórðungspingi 1997 og endurskoðuð á árinu 2004 og samþykkt á Fjórðungspingi sama ár, hafa þessar ályktanir verið kynntar Alþingi og ráðuneytum. . Í stefnumótun hefur verið unnið með fjögur skilgreind samgöngusvæði þ.e. Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Reykhólahrepp og Vestur - Barðastrandasýslu. Sett voru þrjú meginatriði fram í eftirfarandi tímaröð:

1. Vegagerð milli þéttbýlisstaða, flugvalla og ferjubryggja innan hvers samgöngusvæðis.
2. Tenging samgöngusvæða við þjóðvegakerfi landsins með uppbyggingu Vestfjarðavegar milli Flókalundar og Bjarkalundar og Djúpvegar í Ísafjarðardjúpi.
3. Tenging milli samgöngusvæða, með vegi um Arnkötludal og jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar og jarðgöngum áfram undir Dynjandisheiði.

Staða framangreindra verkefna í lok áætlunartímabilsins samkvæmt samgönguáætlun 2007-2010 verður sem hér segir:

1. Ekki hefur verið lokið við framkvæmdir á vegi með bundnu slitlagi annarsvegar til Drangsness og hinsvegar vegi að flugvelli í Patreksfirði.

2. Lokið verður framkvæmdum í Ísafjarðardjúpi með áætluðum verklokum 2010. Ólokið er framkvæmdum við Vestfjarðaveg annarsvegar, frá Vattarfirði og að Þingmannaá í Vatnsfirði og hinsvegar þverun Þorskafjarðar
3. Lokið verður við gerð vegar um Arnkötuldal, með verklokum 2008/2009. Hvorki Framkvæmdir við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar né jarðgöng um Dynjandisheiði eru hafnar.

Óshlíðargöng koma inn sem nýtt verkefni miðað við samgönguáætlun Fjórðungssambandsins og eru áætluð verklok þar árið 2010. Er það í takt við sérstaka samþykkt 50. Fjórðungssamþing Vestfirðinga árið 2005.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á að Alþingi tryggi fjármögnun þessara verkefna jafnt af samgönguáætlun og með fjármunum af sölu Símans eða með sérstökum fjárveitingum. Einnig verði sett fjármagn á áætlunartímabilinu til rannsókna og hönnunar á vegstæðum og jarðgöngum sem hér að framan greinir með það að markmiði að vinna við þau geti hafist á þessu áætlunartímabili og lokið á öðru tímabili langtímaáætlunar. Hér vill Fjórðungssambandið vísa til markmiða og áherslna Byggðaáætlunar 2006-2008 og tillagna í Vaxtarsamningi Vestfjarða. Nauðsyn er að hraða framkvæmdum við tengingu þjónustusvæða við byggðakjarna og er í raun, miðað við núverandi þróun byggðar og atvinnulífs lífsspursmál fyrir samgöngusvæðin og fyrir Ísafjörð sem landshlutakjarna fyrir Vestfirði.

Flugmálaáætlun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir ekki athugasemdir við samgönguáætlun um uppbyggingu búnaðar og aðstöðu á áætlunarflugvöllum á Vestfjörðum. En mikilvægt er að tryggja öryggi í flugi og að ekki séu tæknilegar hindranir í að stunda áætlunarflug yfir vetrarmánuðina. Þetta er mikilvægur þáttur í uppbyggingu byggðakjarna á Ísafirði, vegna viðskipta, þjónustu, rannsókna og menntunar jafnt á framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjórðungssambandið telur rétt að minna á að verulegir framtíðarmöguleikar eru fólgnir í ferðaþjónustu um Patreksfjarðarflugvöll og gerir að tillögu sinni að flugvöllurinn verði á ný færður inn í grunnnetið og rekstur hans hafinn að nýju.

Siglingamálaáætlun

Samkvæmt mati Fjórðungssambands Vestfirðinga er samgönguáætlun 2007-2010 ásættanleg fyrir þennan málaflokk. Víða á Vestfjörðum eru fyrirhuguð stór viðhaldsverkefni hafna m.a. vegna endurnýjunar viðlegukanta. Mikilvægt er einnig það markmið samgönguáætlunar 2007-2010 að lokið er við stækkun hafnarinnar á Bíldudal vegna vinnslu kalkörunga úr setlögum í Arnarfirði.

Samkeppnisstaða atvinnulífs.

Góðar samgöngur eru grundvöllur þess að atvinnulíf og byggð blómstri á Vestfjörðum. Pungaflutningar hafa flust af sjó upp á land án þess að vegakerfið á Vestfjörðum væri undir það búíð. Samkeppnisstaða atvinnulífsins á Vestfjörðum hefur því skekkst til muna af þessum sökum. Fer þar saman að vegalengdir til útskipunarhafna eru langar og burðarþol vegakerfisins víða ekki viðunandi til að taka við þessum auknu flutningum. Er hér einn þeirra þátta sem geta skýrt neikvæða hagvaxtaþróun á svæðinu, samkvæmt nýrri skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Sjávarútvegsklassi innan Vaxtarsamnings Vestfjarða hefur unnið ítarlega með flutningsaðilum við að greina flutningskostnað og leiðir til að lækka hann. Niðurstaða klasans er að taka verði upp tímabundinn fjárstuðning til að koma á reglubundnum strandsiglingum. Um verði að ræða fjárstuðning til þriggja ára að upphæð 100 mkr fyrir hvert ár. Þetta fjármagn verði nýtt til að bjóða út strandsiglingar og til styrkingar flutningaþjónustu á landi. Fjórðungssamband Vestfirðinga styður þessa tillögu sjávarútvegsklasans.

Ísafirði 4. mars 2007

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri